

Ríkisútvarpið ohf.

Stofnefnahagsreikningur
1. apríl 2007

Ríkisútvarpið ohf.
kt. 600307-0450
Efstaleiti 1
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda.....	4
Stofnefnahagsreikningur 1. apríl 2007.....	5
Skýringar	7

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Alþingi samþykkti í janúar 2007 lög, nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf. sem er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögnum. Stofnfundur félagsins var haldinn 5. mars 2007 og var hlutafé Ríkisútvarpsins ohf. þar ákveðið 839.700.000 krónur í samræmi við ákvörðun menntamálaráðherra og á grundvelli niðurstöðu í sérfræðiskýrslu matsnefndar sem ráðherra skipaði, dagsettri 28. nóvember 2006.


Samkvæmt ákvæði I til bráðabrigða í lögnum leggur ríkissjóður allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins sem var ríkisfyrirtæki í B-hluta til nýja félagsins. Eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, féllu úr gildi 1. apríl 2007 tók Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og um leið var Ríkisútvarpið lagt niður. Nýja félagið tók þá við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs. Jafnframt yfirtók Ríkisútvarpið ohf. þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila. Á þeim degi var hlutafé félagsins greitt, þegar það tók við eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf. staðfesta stofnefnahagsreikning hlutafélagsins miðað við 1. apríl 2007, sem er í samræmi við lokaársreikning Ríkisútvarpsins þann 31. mars 2007, sem staðfestur hefur verið að stjórnendum Ríkisútvarpsins, og að teknu tilliti til matsbreytinga, niðurfellingu skulda og annarra ráðstafana skv. ákvörðun matsnefndar, menntamálaráðuneytisins og Alþingis.

Reykjavík, 28. mars 2008


Í stjórn Ríkisútvarpsins ohf.

Ómar Benediktsson
formaður stjórnar




Margrét Frimannsdóttir



Kristín Edwald



Páll Magnússon




Syanhildur Kaaber



Stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf.

Páll Magnússon
útvarpsstjóri og framkvæmdastjóri



Áritun endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.

Við höfum endurskoðað stofnefnahagsreikning Ríkisútvarpsins ohf. þann 1. apríl 2007, ásamt skýringum 1 – 15.


Stofnefnahagsreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Ríkisútvarpsins ohf. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á stofnefnahagsreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að stofnefnahagsreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Með gildistöku laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. tók félagið við eignum, réttindum, viðskiptavild, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins frá 1. apríl 2007. Menntamálaráðherra skipaði matsnefnd til að skila sérfræðiskýrslu er fylgi stofnsamningi Ríkisútvarpsins ohf. sbr. 6. og 7. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum. Ennfremur var nefndinni falið að gera drög að upphafsefnahagsreikningi fyrir félagið. Niðurstaða matsnefndarinnar er að matsbreytingar eigna nemi 888,7 m.kr. til hækkunar og skulda 812,8 m.kr. til lækkunar eða 1.701,4 m.kr. nettó til hækkunar á eigin fé. Hækkunin er einkum tilkomin vegna hækkunar á mati varanlegra fastafjármuna og niðurfellingar á hluta skulda við ríkissjóðs. Þá hefur verið tekið tillit til þess að hluti lóðar við Efstaleiti 1 er undanskilinn.

Það er álit okkar að stofnefnahagsreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af efnahag Ríkisútvarpsins ohf. þann 1. apríl 2007.

Ríkisendurskoðun 28. mars 2008


Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Stofnefnahagsreikningur 1. apríl 2007

	Skýr.	
Eignir		
Fastafjármunir	8	
Fasteignir og lóðir		3.204.309
Dreifikerfi		513.621
Áhöld, tæki og innréttingar		622.154
Aðrar eignir		65.700
	Fastafjármunir	<u>4.405.784</u>
Veltufjármunir		
Keypt réttindi og eigin framleiðsla	9	551.730
Útistandandi afnotagjöld og auglýsingar		326.904
Aðrar skammtímakröfur		26.258
Handbært fé	7	546.704
	Veltufjármunir	<u>1.451.597</u>
Eignir alls		<u><u>5.857.380</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Stofnefnahagsreikningur 1. apríl 2007

	Skýr.	
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	15	
Hlutfé		839.723
Yfirverð		38.884
	Eigið fé	878.607
Langtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir og LSR	11, 12	3.199.102
Fjármögnunarleigusamningar		22.929
		3.222.031
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir		677.314
Næsta árs afborgun langtímaskulda	12	209.363
Skuld við ríkissjóð	10	685.551
Niðurfelling skulda við ríkissjóð	10	(122.750)
Aðrar skammtímaskuldir		307.263
		1.756.743
	Skuldir samtals	4.978.773
Eigið fé og skuldir alls		5.857.380

Fjárbæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

Stofnun félagsins

1. Lög nr. 6/2007 kveða á um stofnun Ríkisútvarpsins ohf., hlutafélags um útvarpsrekstur ríkisins, sem leysi af hólmi Ríkisútvarpið en það var rekið sem ríkisfyrirtæki (B-hluta stofnun). Leggur ríkissjóður allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til nýja félagsins. Menntamálaráðherra ákveður skv. lögnum heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Eftir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, féllu úr gildi 1. apríl 2007 tók Ríkisútvarpið ohf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og um leið var Ríkisútvarpið lagt niður. Nýja félagið tók þá við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs. Jafnframt yfirtók Ríkisútvarpið ohf. þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila. Stofnfundur félagsins var haldinn 5. mars 2007.
2. Félagið hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneytið um útvarpsþjónustu Ríkisútvarpsins ohf. í almannabágu skv. 3. gr. ofangreindra laga. Samningurinn er dagsettur 23. mars 2007 og gildir hann frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012. Markmið samningsins er að lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þeim kröfum sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Í samningnum er útvarpsþjónusta í almannabágu skilgreind, m.a. til að afmarka hana frá annarri starfsemi á fjölmiðla- og samkeppnismarkaði.

Reikningsskilaaðferðir

3. Stofnefnahagsreikningur Ríkisútvarpsins ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á áætluðu markaðsvirði að teknu tilliti til hækkunar vegna núvirðingar á áætluðu frjálsum sjóðstreymi í framtíðinni. Við núvirðinguna var miðað við 4,9% ávöxtunarkröfu eða sem nemur vegnum fjármagnskostnaði (WACC) félagsins.
5. Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samnings-skilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar á meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi.
6. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði, peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi 31. mars 2007. Skammtímakröfur hafa verið færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna 31.mars 2007.
7. Handbært fé samanstandur af bankainnstæðum og peningum í sjóði.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem árlegur hundraðshluti greinast þannig:

Í þús. kr.	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð	3.615.417	2.125.906	6.457.174	30.960	12.229.457
Afskriftir	1.079.390	1.878.897	5.739.227	14.835	8.712.348
Bókf. verð skv. ársreikn.	2.536.026	247.009	717.948	16.126	3.517.109
Endurmat	668.282	266.612	-95.794	49.574	888.675
Bókf. verð skv. stofnefnah.r.	3.204.309	513.621	622.154	65.700	4.405.784

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð skv. stofnefnah.r.
Efstaleiti 1	3.304.050	2.326.550	3.139.071
Aðrar fasteignir	15.335	35.450	65.238
Dreifikerfi	218.495	258.020	513.621
Aðrar eignir	0	0	687.854
	3.537.880	2.620.020	4.405.784

Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Aðrar eignir eru ótryggðar.

Birgðir

9. Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist (í þús. kr.).

Dagskrárbirgðir	511.344
Aðrar birgðir	40.386
	<u>551.730</u>

Skýringar

Skammtímaskuldir

10. Á meðal skammtímaskulda er færð skuld við ríkissjóð að fjárhæð 685.551 þús. kr. Hér er um að ræða eftirstöðvar skulda vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands og vegna launa sem ríkissjóður hefur fjármagnað. Fjármálaráðherra mun leita samþykkis Alþingis til að fella þar af niður 122.750 þús. kr. þannig að eiginfjárhlutfall félagsins nemi 15% við stofnun. Gert er ráð fyrir að eftirstöðvunum 562.802 þús. kr. verði breytt í 15 ára skuldabréfalán með 5,5% vöxtum auk verðtryggingar fáið til þess lánsfjárheimild í fjárlögum.

Langtímaskuldir

11. Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu 31. mars 2007 eftir því sem við á.
12. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum (í þús. kr.):

Árið 2007	209.363
Árið 2008	210.367
Árið 2009	207.413
Árið 2010	206.116
Árið 2011	212.302
Afborganir síðar	2.385.832
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. afborganir næsta árs	3.431.394

Afborganir langtímaskulda breytast verði skammtímaskuldum við ríkissjóð breytt í langtímalán, sbr. skýringu 10.

Skuldbindingar

13. Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Ríkisútvarpsins hafa verið gerðar upp með skuldabréfi við Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ríkisútvarpið ohf. yfirtekur þetta skuldabréf og er það því fært upp í stofnefnahagsreikningnum. Áfallin viðbótarlífeyrisskuldbinding hefur verið færð í bækur Ríkisútvarpsins en hún hefur verið greidd að mestu leyti með viðbótarlífeyrisiðgjöldum. Ógreidd viðbótarlífeyrisskuldbinding 31. mars 2007 nam 6,0 m.kr. Samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins tekur ríkissjóður á sig kostnað vegna breytinga á eldri lífeyrisréttindum starfsmanna en félagið mun alfarið bera kostnað vegna lífeyrisskuldbindinga sem stofnast eftir að það hefur starfsemi, þ.e. frá 1. apríl 2007.
14. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009. Við stofnun Ríkisútvarpsins ohf. var gengið út frá því að félagið tæki á sig skuldbindingar vegna biðlauna allt að 120 m.kr.

Skýringar

Eigið fé

15. Með gildistöku laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. tók félagið við eignum, réttindum, viðskiptavild, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins frá 1. apríl 2007. Menntamálaráðherra skipaði matsnefnd til að skila sérfræðiskýrslu er fylgi stofnsamningi Ríkisútvarpsins ohf. sbr. 6. og 7. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum. Ennfremur var nefndinni falið að gera drög að upphafsefnahagsreikningi fyrir félagið. Niðurstaða matsnefndarinnar er að matsbreytingar eigna nemi 888,7 m.kr. til hækkunar og skulda 812,8 m.kr. til lækkunar eða 1.701,4 m.kr. nettó til hækkunar á eigin fé. Hækkunin er einkum tilkomin vegna hækkunar á mati varanlegra fastafjármuna og niðurfellingar á hluta skulda við ríkissjóðs. Þá hefur verið tekið tillit til þess að hluti lóðar við Efstaleiti 1 er undanskilinn. Á stofnfundi var hlutafé félagsins ákveðið 839,7 mkr. og er mismunurinn á þeirri fjárhæð og endurmetnu eigin fé, 38,9 m.kr., færður sem yfirverð meðal eigin fjár.

Í þús.kr.

Eigið fé skv. ársreikningi 31.3.2007	(942.817)
Endurmat fasteigna og lóða	668.282
Endurmat dreifikerfis	266.612
Endurmat húsgagna og tækja	(104.437)
Endurmat bifreiða og flutningatækja	8.642
Endurmat annarra eigna	49.574
Niðurfelling skulda við ríkissjóð (625+65 m.kr.)	690.000
Niðurfelling skulda við ríkissjóð, viðbót	122.750
Bakfærð skuldfærsla á biðlaunum	120.000
Eigið fé skv. stofnefnahagsreikningi Ríkisútvarpsins ohf.	<u>878.607</u>